

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**13.-14. júní.** Efni þarf að  
berast fyrir **7. júní.**

## Íbúafundur um skólastefnu sveitarfélagsins

**Ekki gleyma íbúafundinum um skólastefnu sveitarfélagsins miðvikudaginn 10. maí, kl. 18.00-20.00 í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum.**

Nú stendur yfir vinna við nýja skólastefnu. Afar mikilvægt er að sjónarmið allra hagsmunaaðila birtist í stefnunni þannig hún verði okkur gott veganesti til framtíðar.



Skipaður var sérstakur stýrihópur, sem sést á meðfylgjandi mynd, til að vinna að endurskoðun stefnunnar og til ráðgjafar var ráðinn dr. Ingvar Sigurgeirsson, fv. prófessor og skólaráðgjafi.

Nú þegar hafa verið haldnir fundir með starfsfólki beggja skólanna og einnig hefur verið fundað með nemendum Flúðaskóla.

Við hvetjum alla íbúa til þess að mæta enda mikilvægt að allar raddir heyrist. Sóknarfæri eru að finna í ólíkum sjónarmiðum og víðtækri reynslu allra íbúa. Skólastefna er sáttmáli okkar um skólamálin og því áriðandi að sem allra flestir leggi sitt af mörkum.

Á íbúafundinum verður hópvinna um stöðu skóla- og frístundamála í sveitarfélaginu – styrkleika, veikleika, áskoranir, sóknarfæri, skólaskipan og framtíðarsýn.

**Boðið verður upp á léttan kvöldverð og vegna undirbúnings eru væntanlegir þátttakendur beðnir um að skrá sig með því að senda tölvupóst um þátttöku á netfang sveitarfélagsins [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is) eða í síma 480 6600.**

Vakni spurningar má senda tölvupóst til ráðgjafa á [skolastofan@skolastofan.is](mailto:skolastofan@skolastofan.is).

Hlökkum til að sjá ykkur og munið eftir að skrá ykkur!

Sveitarstjóri

# Jákvæður rekstur og miklar framkvæmdir 2023

Jákvæð niðurstaða ársreiknings Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 er ánægjuleg. Sveitarfélagið er vel í stakk búið til að takast á við áskoranir framtíðarinnar enda skuldahlutfallið margumrædda vel undir viðmiði sveitarstjórnarlaga. Á öðrum stað í Pésanum er fjallað um helstu stærðir ársreiknings og svo eru áhugasamir auðvitað einnig hvattir til að mæta á íbúafundinn í næstu viku þar sem reikningurinn verður kynntur. Þar verður einnig farið yfir helstu framkvæmdir og fjárfestingar ársins 2023.



Hvað framkvæmdir varðar ber hæst gatnagerð í Byggð á bríkum sem nú er í fullum gangi. Þar hefur sveitarstjórn samþykkt að ráðast í gerð einnar götu til viðbótar en greiðslur vegna hennar falla ekki til fyrr en árið 2024 svo sú framkvæmd hefur ekki áhrif á fjárhag sveitarfélagsins fyrr en á næsta ári.

Óvæntasta framkvæmd ársins er aftur á móti endurnýjun á þaki og efri hæð Flúðaskóla sem reyndist óumflýjanleg miðað við ástandi þaksins. Er þetta mjög viðamikil framkvæmd og mikilvægt að allt gangi eins og vel smurð vél þegar kemur að því að hefja verkið. Það er fyrirtækið Vörðufell ehf á Selfossi sem var lögstjórðandi og eru framkvæmdir að hefjast í þessari viku. Tæma þarf alla efri hæð hússins, kennarastofu, vinnurými, skrifstofu og tvær kennslustofur. Er það gríðarleg vinna og hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með starfsmönnum skólans og æðruleysi þeirra í þessum aðstæðum. Efri hæðin og þakið verður í raun rífið og allt endurgert og allt þarf þetta að eiga sér stað á mjög skömmum tíma í sumar. Kennsla hefur að hluta verið flutt yfir í félagsheimilið en sem betur fer er stutt í lok skólaársins og því verður þessi röskun vonandi minni en ella hefði getað orðið. Kostnaður vegna þessa verður að öllum líkindum vel ríflega 100 m. kr. sem ekki var á fjárhagsáætlun. Því hefur öðrum áformum um fjárfestingar verið vikið til hliðar enda afar mikilvægt að skólahúsnæðið okkar sé í eins góðu lagi og nokkur er kostur.

Fljótlega verða námskeið fyrir börn og ungmenni kynnt en stefnt er að því að foreldrar geti fundið allar upplýsingar um þau námskeið sem í boði eru á einum stað. Fylgist því vel með upplýsingum á nýju heimasíðunni sem smám saman er að fyllast af efni.

*Með vorkveðju til ykkar allra,  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri*

# Óleyfilegt niðurhal?

## Hugsum okkur um áður en halað er niður!

Allt sem við setjum í frárennstið hefur áhrif á nærumhverfi okkar. Eftirfarandi hlutir geta stíflað frárennstið, pípur og dætur eða mengað umhverfið og á ekki að sturta niður í klósettíð.



Dömbuhendi, þeyjar og fótþappar



Hár



Plastpokar



Nærfatnaður eða tuckar



Blautþurrkur



Lýf og vitamin



Smokkar, plástur og sárumbönd



Kaltasandur



Olía eða önnur fæti



Eynagninar og bómullartröður



Svampar



Tannbráður

### Munum að klósettíð er **EKKI** ruslafata!

Lyfjum og lyfjaafgöngum á að skila í lyfjaverslanir

## Bændur athugið !

Stórsekkir undan áburði eiga ekki að fara í ruslabíl eða gáma fyrir almennt rusl á gámasvæði. Áburðarsekkir eru með úrvinnslugjaldi (ekki skilagjaldi) og því er mikilvægt að þeim sé fargað með réttum hætti.

Koma skal með áburðarsekkina út á gámasvæði og setja þá í sérstaklega merkta gáma þar. Ekki á að aðskilja plastið úr pokunum.

Til að auðvelda meðhöndlun skal troða mörgum pokum í einn. Áburðarsekkir mega ekki blandast rúlluplastinu.

Með góðri meðhöndlun úrgangs getum við öll lagt okkar af mörkum til betri úrgangsméðhöndlunar í sveitarfélaginu og þar með stuðlað að lægri gjöldum.

*Með von um gott samstarf,  
Starfsmaður á gámasvæði*

## Íþróttahúsið Flúðum



### Opnunartími tækjasal:

Mánudaga - fimmtudaga

kl. 16:00 – 21:30.

Morgunopnun þriðjudaga kl. 6:00 – 9:00.

Föstudaga kl. 13:00 – 18:00.

Það verður opið einhverjar helgar þegar mót eru í húsinu, við munum auglýsa það á Facebook-síðunni „Íþróttahúsið Flúðum“.

Árskort sem gilda í sundlaugina, íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélagum er hægt að sækja um styrk.

## Sundlaugin Flúðum

### Opnunartími:

Mán.- mið. og fös. kl. 16:00 – 20:30

**Á mán. og fimmtudagsmorgnum  
kl. 6:00 – 9:00.**

Laugardag og sunnudag kl. 13:00 – 18:00

## Sumaropnun sundlaugarinnar

Sumaropnun  
sundlaugarinnar á Flúðum  
frá 1. júní til 20. ágúst.

### Virka daga

kl. 11:00 – 20:00

**Laugardaga og  
sunnudaga**

kl. 11:00 – 18:00



# Jákvæð afkoma sveitarsjóðs árið 2022

Á fundi sveitarstjórnar þann 4. maí var ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 samþykktur við síðari umræðu með eftirfarandi bókun allra sveitarstjórnarmanna:

Hér í Hrunamannahreppi er niðurstaða ársreiknings jákvæð hvort sem litið er til A hluta eingöngu eða A og B hluta samanlagt.

Niðurstaða ársreiknings samstæðu A og B hluta fyrir árið 2022 er jákvæð sem nemur 12,8 m.k. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 21 m.kr í rekstrarafgang frá samstæðu. Rekstrarafkoma A hluta er aftur á móti betri eða 31 m.kr..

Hækkun vísitölu var mun meiri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir en slíkar hækkningar á vísitölu hafa mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu allra sem skulda. Hér hefur verðbólga þau áhrif að verðbætur reiknast um 90 m.kr sem er um 48 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Í eðlilegu árferði hvað verðlagsþróun varðar væri afkoma sveitarfélagsins betri sem því nemur.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam um 180 m.kr. eða ríflega 11% af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var 237,5 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 143,8 m.kr.. Veltufé samstæðu frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindingar er 1,83 sem telst mjög gott. Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum er 5,43 sem einnig er góð niðurstaða.

Fjárfestingar á árinu 2022 námu 234,5 m.kr.. Helstu fjárfestingar ársins fólust í smíði vatnstanks í Berghylsfjalli, gerð kennslueldhúss við Flúðaskóla, endurbótum á lóð Félagsheimilisa Hrunamanna, lagningu hitaveitu frá Kópssvatns-virkjun og framkvæmdum við Garðastíg. Aðrar fjárfestingar voru smærri í sniðum.

Afborganir langtímalána námu 96,5 m.kr. og tekin ný langtímalán voru 48 m.kr.

Í árslok er hlutfall skulda A hluta sveitarsjóðs af tekjum að frádregnum lífeyris-skuldbindingum sem falla til eftir 15 ár eða síðar 39,9% sem er langt undir skuldaþakinu svokallaða sem gerir þær kröfur til sveitarfélaga að skuldir



Þeirra skuli ekki fara yfir 150%. Rétt er þó að geta þess að fjármálareglur sveitarfélaga hafa verið afnumdar vegna heimsfaraldurs covid-19 til ársins 2025. Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta er 62% sem einnig er langt frá leyfilegu hámarki sem er ánægjulegt.

Í ljósi niðurstaðna ársreiknings ársins 2022 er full ástæða til bjartsýni þegar horft er til framtíðar. Hér er hafin kröftug uppbygging íbúðarhúsnæðis og aðilar í atvinnurekstri horfa til Hrunamannahrepps sem álitlegs kosts hvað uppbyggingu varðar enda eru innviðir hér sterkir á mörgum sviðum og þá ekki síst þegar horft er til hinnar miklu ónýttu orku sem hér er í iðrum jarðar.

Það er verkefni sveitarstjórnar næstu misserin að missa ekki sjónar á mikilvægi góðs rekstrar um leið og sveitarfélaginu er stýrt í átt til meiri vaxtar sem ávallt yrði í takt við hinn góða staðaranda sem hér er.

Sveitarstjórn vill nýta þetta tækifæri og færa stjórnendum og starfsmönnum öllum bestu þakkir fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu.

Sveitarstjórn vill einnig þakka endurskoðendum og skrifstofustjóra fyrir góða vinnu við gerð ársreiknings. Jafnframt ber að þakka traust og ánægjulegt samstarf sveitarstjórnarmanna. Slíkt samstarf er dýrmætt fyrir íbúa alla.



## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf*  
*Beðahreinsun - Garðsláttur*  
*Garðaúðun - Trjáklippingar*  
*Gróðursetning trjáplanta*  
*Ráðgjöf um hönnun garða*  
*Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufræðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.

# Maí er hreyfimánuðurinn!

Nú er vor í lofti og um að gera að nýta orkuna sem kemur með bjartari tíð og hlýrra veðri til að byrja með reglulega hreyfingu. Við skorum á alla að taka þátt í Miðfellsflaupinu á Flúðum 3. júní og nota aðra viðburði mánaðarins til að undirbúa okkur. Í Miðfellsflaupinu er verið að styrkja Píeta-samtökin með því að ganga, skokka eða hlaupa 3, 5 eða 10 km.



Gott er að hafa það sem viðmið að vera búin/n að hreyfa sig að minnsta kosti 10x áður en tekið er þátt. Það á við hvort sem þú ætlar að ganga eða skokka. Með svona undirbúningi þá mun þér líða vel og komast auðveldlega frá því að klára þá vegalengd sem þú velur.

## Aðrir viðburðir sem geta hjálpað okkur af stað:

**Hjólað í vinnuna:** Getur þú valið að hjóla í vinnuna hvort sem það er í fjárhúsið eða á skrifstofuna? Eða bara út í búð, þetta snýst aðallega um að nota virkan ferðamáta. Hlekkur: <https://hjoladivinnuna.is/>



**Hreyfivika UMFÍ:** frá 22.-28. maí, UMFÍ hvetur ungmennafélögin og einstaklinga til að stuðla að hreyfingu með því að vera með hreyfihittinga. Hvort sem það er göngu- eða skokkhittingur eða bara leikjavöld. Vilt þú vera boðberi hreyfingar? Hlekkur: <https://iceland.moveweek.eu/>



Að lokum er það **Miðfellsflaupið** 3. júní. Það má ganga, gangskokka, skokka eða hlaupa. Aðalmálið er að vera með, byggja upp eigin líkama og sál og um leið styrkja Píeta – samtökin. Sjá ýtarlegri upplýsingar á fésbókarhópi Heilsueflandi Uppsveita: <https://shorturl.at/dCIz3>

# Íbúafundur um ársreikning og fleira

Íbúafundur verður haldinn mánudaginn  
15. maí kl. 20:00 á Hótel Flúðum.

## Dagskrá:

- Ársreikningur Hrunamannahrepps árið 2022.
- Fjárfestingar og helstu verkefni ársins 2023.
- **Kynning á uppbyggingu í Kerlingarfjöllum og í Þjórsárdal.**

Kaffiveitingar í boði.

Allir hjartanlega velkomnir.

Sveitarstjóri



**BÍLAVERKSTÆÐI**



ALLAR ALMENNAR VÍÐGERÐIR  
BÍLAFLUTNINGAR / ÞVOTTUR OG BÓN

**OPÍÐ KL. 8:00-17:00**



**Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur**

**Axel**

**Sími 860 7073**



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499

**Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir  
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.**

**Gísli Laugum**

Sími 861 9682





# Samningur undirritaður við Bridgefélag Hrunamanna



Valdimar Stefán Sævaldsson, formaður og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, skrifuðu undir samninginn. Á myndinni eru einnig þrír stofnfélagar klúbbsins, þeir Guðmundur Böðvarsson, Karl Gunnlaugsson og Garðar Olgeirsson.

Skrifað var undir samkomulag um húsnæðisafnot milli Hrunamannahrepps og Bridgefélags Hrunamanna nú nýverið. Með samkomulaginu er ætlunin að ramma inn samstarf Hrunamannahrepps og Bridgefélags Hrunamanna með það fyrir augum að efla og styrkja starfsemi félagsins og auka um leið möguleika Hrunamanna á fjölbreyttu tómstundastarfi. Einnig standa vonir til að með samkomulaginu muni bridge eflast í Hrunamannahreppi þannig að sem flestum gefist kostur á að kynnst þessari skemmtilegu íþrótt.

Í samkomulaginu kemur fram að Bridgefélag Hrunamanna fái gjaldfrjáls afnot af aðstöðu í Félagsheimili Hrunamanna eitt kvöld í viku fyrir æfingar. Einnig fær félagið gjaldfrjáls afnot af sölum í félagsheimilinu haldi félagið Íslandsmót. Inni í samkomulagi þessu eru einnig gjaldfrjáls afnot af sölum vegna eins innanfélagsmóts á ári.

Í staðinn fyrir afnotin munu félagir í Bridgefélagi Hrunamanna kynna bridge árlega fyrir nemendum í Flúðaskóla í samvinnu við skólastjórnendur. Slík kynning gæti einnig farið fram í Félagsmiðstöðinni Zero í samvinnu við forstöðumann. Einnig munu félagsmenn bjóða fullorðnum íbúum í Hrunamannahreppi eitt námskeið í bridge gjaldfrjálst á ári sem auglýst yrði nánar í Pésanum.

Það er gaman að geta þess að félagið var stofnað árið 1967 og er því eitt af elstu félögum sveitarfélagsins. Viðstaddir undirritunina voru þrír stofnfélagar sem hafa verið virkir í félaginu allar götur frá stofnun þeir Guðmundur Böðvarsson, Karl Gunnlaugsson og Garðar Olgeirsson en Karl var formaður fyrstu 50 ár félagsins. eru þeir allir á meðfylgjandi mynd ásamt Valdimari Stefáni Sævaldssyni, formanni félagsins.

Í dag eru virkir félagar um 30 og er spilað í Félagsheimili Hrunamanna öll mánu dagskvöld yfir vetrartímann og hefst spilamennskan kl. 19:30.



# Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin fór fram fimmtudaginn 27. apríl en fyrirkomulagið núna er með þeim hætti að þrjár 7. bekkjar nemendur úr þrem skólum taka þátt og skiptast skólarnir á að halda keppnina. Í ár fór keppnin fram í Þjórsárskóla en hinir skólarnir eru Flúðaskóli og Flóaskóli.

Frá Flúðaskóla tóku þátt þrjár knáar stúlkur úr 7. bekk sem sigruðu um daginn í keppni sem haldin var hér í Flúðaskóla. Stúlkurnar þrjár, þær Nicola Heven Damian, Steinunn Birna Thorsteinsson og Xuan Xiang höfðu æft sig mikið fyrir keppnina og notið til þess stuðnings m.a. frá umsjónarkennara, sérkennara og íslenskukennara í Flúðaskóla en litið er til ýmissa þátta í keppninni s.s. framsögn, framkomu og túlkun texta og ljóða.

Yfirbragð hátíðarinnar var hátíðalegt og fengu þátttakendur og gestir köku og kaffi í hléi. Steinunn Birna gerði sér svo lítið fyrir og lék á píanó fyrir gesti.

Stúlkurnar okkar stóðu sig stórkostlega og við sem fylgdum þeim erum afar stolt af þeim og voru þær skóla sínum til sóma.



**Opið**  
**Fimmtudaga - Sunnudaga**  
**12:00 - 17:00**



# Umhverfisdagur

Framundan er hinn árlegi umhverfisdagur sem haldinn verður föstudaginn 12. maí.

Fyrir hádegi er hefðbundin dagskrá leik- og grunnskóla sem endar með pylsupartýi í hádeginu.

Allir eru velkomnir til að taka þátt með krökkunum og mæta svo í pylsupartýið.

Síðdegis tökum við svo öll þátt í rusladegi samfélagsins og í sameiningu gerum við sveitarfélagið okkar enn fallegra en það er í dag.


Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Hrunamannahrepps og á Facebook.

*Bjarni Hjörleifsson, ruslamálaráðherra*

## Ný heimasíða komin í loftið

Ný heimasíða Hrunamannahrepps hefur verið tekin í notkun. Með henni er einfaldara að gefa íbúum upplýsingar en áður sem og að miðla tilkynningum og fréttum. Enn eru ekki allir tenglar orðnir virkir en efnið mun allt detta inn á næstu dögum. Við yrðum afar þakklátar ef íbúar væri til í að senda okkur ábendingar um það sem betur má fara á síðunni með því að smella á ábendingahnaппinn á forsíðu. Þannig gerum við síðuna enn betri, saman. [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

*Sveitarstjóri*



**Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.**

Sendið efni og auglýsingar á [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)



## Lausar kennarastöður í Flúðaskóla skólaárið 2023-2024

Í Flúðaskóla eru um 100 nemendur í 1. – 10. bekk. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennslu-hætti, ábyrgð nemenda og góða samvinnu við alla sem að skólastarfinu koma.

### Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar:

**Íþróttakennari** - Starfshlutfall 100 %

**Umsjónarkennari á miðstigi** - Starfshlutfall 100 %

**Náttúrufraeðikennsla á unglingsstigi** - Starfshlutfall 50 %

**Enskukennsla á miðstigi og í 8. bekk**- Starfshlutfall 50 %

**Tónmenntakennari** - Starfshlutfall 30-40 % tónmennt í 1. – 5. bekk og kór

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem kennari
- Lipurð og hæfni í samskiptum
- Vera opin fyrir nýjungum í skólastarfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2023.

Umsóknir með fylgiskjölum (náms- og starfsferilsskrá) skal senda á netfangið: [johannalilja@fludaskoli.is](mailto:johannalilja@fludaskoli.is) og/eða [arni@fludaskoli.is](mailto:arni@fludaskoli.is). Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri í síma 4806612 eða Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólustjóri í síma 4806611 eða í tölvupósti.



# Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2023

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2023. Þetta er 22. sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls sjö. Allar göngurnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema fjölskyldugangan á Miðfell hefst kl. 17:00 og dagsangan 27. ágúst er farin á sunnudegi. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir akstur í dagsöngunni. Umsjónarmenn ferðanna í samvinnu við heimafólk verða þau Else Nielsen s. 690 6024, Þórunn Andrésdóttir s. 860 1329 og Samúel U Eyjólfsson s. 864 1758. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni "Gönguferðir í Hrunamannahreppi".

## 1. ferð • 24. maí. Laugar-Gildurhagi

Lagt af stað kl. 20:00 frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

## 2. ferð • 31. maí. Búðarárfoss

Hittumst kl. 20:00 hjá Félagsheimili Hrunamanna og sameinumst í bíla. Ekið verður inn á afrétt Hrunamanna að Melrakkaá og þaðan gengið að Búðarárfossi. Þetta er vel jepplingafært. Lagt af stað í gönguna kl. 20:30 við vaðið á Melrakkaá. Létt og þægileg ganga. Áætlaður göngutími er 1,5-2 klst.

## 3. ferð • 7. júní. Miðfell - fjölskylduferð

Lagt af stað kl. 17:00 frá bílastæðinu við Þjóðveg nr. 30 skammt frá Hellisholtum og gengið upp að vatni. Öll börn fá glaðning í lok ferðar. Athugið að börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum. Frítt í sund fyrir göngugarpa eftir göngu. Áætlaður göngutími er 2 klst.

## 4. ferð • 14. júní. Svartárgljúfur - Tungufellsskógur

Mæting við gamla gerðið í Tungufellssdal kl. 20:00. Þaðan er gengið í gegnum ilmandi skóginn í Tungufellssdal og Svartárgljúfur skoðað en í því er mjög fallegur foss. Einnig verður boðið upp á að ganga upp á Tófuhól en þaðan er víðsýnt. Elín Jóna Traustadóttir og Svanur Einarsson í Tungufelli munu leiða gönguna. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

## 5. ferð • 21. júní. Óvissuferð frá Bryðjuholti

Lagt af stað frá Bryðjuholti kl. 20:00. Áætlaður göngutími er 2-3 klst. Nánari

upplýsingar þegar nær dregur á facebooksíðunni „Gönguferðir í Hrunamannahreppi“.

## 6. ferð • 28. júní. Núpstúnskista

Lagt af stað kl. 20:00 frá hlaðinu í Núpstúni. Gengið inn með fjallinu og fíkrað sig upp á Núpstúnskistu og gengið fram á Nípuna. Falleg leið og nokkuð auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

## 7. og síðasta ferð sumarsins • Sunnudaginn 27. ágúst og er Stóru-Laxárgljúfur ganga

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 18 km. Ferðin hefst við bæinn Kaldbak. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufergurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 692 3882 / 699 5178 og skráningu þarf að vera lokið ekki síðar en 20. ágúst. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar en hann er fyrir akstri og leiðsögn.

# HEILSUVIKA HRUNAMANNAHREPPS

Heilsuvika Hrunamannahrepps verður dagana 18. – 24. september 2023. Tilgangur heilsuviku er að auðvelda íbúum að finna leiðir hjá sjálfum sér til að sinna eigin heilsu, líkamlegri, andlegri og félagslegri. Koma saman og njóta samveru hvors annars og hafa gaman.

Við hvetjum fyrirtæki sveitafélagsins til að taka þátt í heilsuvikunni og skipuleggja heilsueflandi viðburði fyrir starfsfólk sitt þessa vikuna. Ef ykkur vanntar hugmyndir er velkomið að hafa samband.

Ef þið viljið koma einhverju á framfæri varðandi heilsuvikuna eða vera með erindi hafið samband í tölvupósti sem fyrst.

- [sigfrid@fludir.is](mailto:sigfrid@fludir.is)
- [heimir@foldvegur.is](mailto:heimir@foldvegur.is)
- [ragga@undraland.is](mailto:ragga@undraland.is)



# Tökum öll þátt í Miðfellshlaupinu

Miðfellshlaupið fer fram þann  
3. júní 2023 kl. 11:00.

## Í boði eru þrjár vegalengdir:

- 3 km (ganga/skokk)
- 5 km (ganga/skokk/hlaup)
- 10 km (skokk/hlaup)

Hlaupaleiðin liggur milli íþróttahúss á Flúðum og Miðfellshverfisins, og fylgir reiðveg og malarveg meðfram Miðfelli að vestanverðu.

Boðið verður uppá hressingu, auk þess sem dregið verður úr hópi þátttakenda og munu þeir heppnu hreppa veglega vinninga.

Við hvetjum ykkur til að koma og taka þátt í skemmtilegum viðburði með það að leiðarljósi að efla hreysti, gleðjast saman og styrkja gott málefni.

Í ár höfum við sem stöndum að Miðfellshlaupinu ákveðið að allur ágóði hlaupsins renni til Píeta samtakanna.

Nánari upplýsingar birtast á facebook síðu viðburðarins „Miðfellshlaupið 2023“.

Við hlökkum til að sjá ykkur í sólskinsskapi þann 3. júní.

Með góðri kveðju,  
Arnfríður Jóhannsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir



## HUGMYND

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingar-  
leyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

---

Högnastíg 14, 845 Flúðir - flight@simnet.is - Sími 699 0757





## 1,5 milljón til Píeta í minningu Kristins Þórs


Minningarmyndin um Kristinn Þór hefur safnað **1,5 milljón** fyrir Píeta-samtökin. Þetta afrek hefði aldrei verið mögulegt án stórkostlegra fyrirtækja sem veittu okkur lið til til að minnast drengsins sem þótti svo vænt um fólkið í kringum sig og kunni að njóta lífsins.

Við gátum því sýnt myndina almenningi og vakið athygli á mikilvægri starfsemi Píeta-samtakanna. Þau sinna faglegu starfi til að hjálpa öllum þeim sem kljást við sjálfsvígshugsanir eða sjálfskaða. Hjálpin hjá þeim er aðgengileg og öllum opin allan sólarhringinn í síma 552 2218. Minnum líka á heimasíðu þeirra [www.pieta.is](http://www.pieta.is) fyrir nánari upplýsingar.

Að lokum viljum við þakka Hreppafólki fyrir að koma og sjá myndina. Jafnframt fyrir að taka þátt í umræðum eftir myndina. Okkur þykir það brýnt að við gleymum ekki því sem átti sér stað og finnum leið til að gera samfélagið okkar þéttara og samheldnara svo það þroskist til hins betra eftir þetta áfall.

*Með kærleikskveðjum,  
Steiní, Mathias og Rebekka*





# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## FÓTAAÐGERÐASTOFA ÖDDU SIGGU

Miðfelli 2a

Opið alla virka daga kl. 8-16.

Tímamantir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



### Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



### Sumaropnun á Bókasafni Hrunamanna

Tekur gildi 1. maí 2023

Þriðjudaga kl. 18-20

Miðvikudaga kl. 16-18